

# Vorráðstefna Fjársýslu ríkisins

## 24. maí 2017

Reikningskil – breytingar vegna innleiðingar LOF

Uppgjörssvið FJS

Þórir Ólafsson



# Yfirferð - ríkisreikningur



1. Það sem var
2. Það sem verður - LOF
3. Ársreikningalög - IPSAS
4. Innra eftirlit - áreiðanleiki fjárhagsupplýsinga (ef tími til)

# Það sem var - Fjárreiðulögin

## 1. gr. Fjárreiðulaganna var svo:

- Að svo miklu leyti sem **ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg** í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Það sem var ...

Sérstök fyrirmæli um *á annan veg* í lögnum eru:

- Ýmis atriði, aðallega um framsetningu, yfirlit og heiti þeirra
- 14. gr. Varanlega rekstrarfjármuni ríkisaðila í A-hluta **skal** færa til gjalda á því reikningsári þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Verksamninga **skal** gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.

Það sem var ...

## Önnur frávík frá ársreikningalögum

... eins og lýst er í ríkisreikning þannig:

- b) áhrif launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga eru færð um endurmatsreikning á eigið fé hjá ríkissjóði en **ekki á rekstrarreikning**. Er það gert í samræmi við ákvörðun ríkisreikningsnefndar.
  - Nam 72,9 milljörðum 2015, 36,8 milljörðum 2014 (29,3 ma 2013)
- c) áfallið orlof er ekki reikningsfært, hvorki hjá einstökum stofnunum né ríkissjóði í heild. Er það gert í samræmi við ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

## Það sem var ...

Til viðbótar eru frávik, (mism. eftir stofnunum):

- birgðir og rekstrarvörubirgðir
- lífeyrisskuldbindingar
- meðhöndlun fjármálagerna
- tekjur – frávik frá rekstrargrunni
- kostnaður - frávik frá rekstrargrunni
- innbyrðis viðskipti og stöður, ekki eytt út

## Gerð samstæðureiknings

- innbyrðis viðskipti og stöður ekki hreinsuð út
- ekki gerður samstæðureikningur fyrir ríkissjóð sem heild

- ... og þá það sem verður (eða er)

# Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.



## **49. gr.** Skýrslur og upplýsingar.

Skýrslur og upplýsingar um ríkisfjármál skulu vera greinargóðar, áreiðanlegar og settar fram tímanlega og birtar opinberlega.

Ráðherra hefur eftirlit með því að reikningsskil og skýrslugerð sé í samræmi við ákvæði laga þessara.



# Lög um opinber fjármál (LOF)

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.



**52. gr.** Gerð og framsetning reikningsskila.

**Reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skulu gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn.**

[...]

Reikningsskil fyrir einstaka ríkisaðila í A-hluta skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

**53. gr.** Reikningsár ríkisaðila er almanaksárið

# Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

**54. gr.** Ársreikningur ríkisaðila í A-hluta skal uppfylla kröfur [laga um ársreikninga, nr. 3/2006](#), sbr. 52. gr.

Jafnframt skal þar sýna:

1. Samanburð á rauntölum og fjárveitingum til rekstrar, rekstrartilfærslna, fjármagnstilfærslna og fjárfestingar.
2. Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og stöðu þeirra í árslok.

[...]

Hver ráðherra skal sjá til þess að ríkisaðilar sem undir hann heyra uppfylli ákvæði þessarar greinar um skilafrest ársreikninga.

# Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.



## **55. gr.** *Undirritun ársreikninga í A-hluta.*

Ársreikningur ríkisaðila í A-hluta skal áritaður af viðkomandi forstöðumanni þar sem m.a. komi fram að hann sé gerður í samræmi við lög og reglur sem gilda um reikningsskil ríkisins og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til glöggvunar á rekstrarafkomu og stöðu ríkisaðilans.

# Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.



**60. gr.** Innan þrjátíu daga frá lokum hvers mánaðar skal ráðherra birta skýrslu á grundvelli uppgjörs Fjársýslu ríkisins um greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils árið á undan.

[...]

# Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.



**61. gr.** Ársfjórðungsskýrsla fyrir A-hluta ríkissjóðs.

Innan þrjátíu daga frá lokum hvers ársfjórðungs skal ráðherra birta skýrslu á grundvelli uppgjörs Fjársýslu ríkisins um rekstur og efnahag í A-hluta ríkissjóðs innan ársins til loka viðkomandi ársfjórðungs.

[...]

# Heimild til að setja reglugerð

## **67. gr.** Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- **3. skilgreiningu á málefnasviðum og málaflokkum** sem byggist á alþjóðlegum staðli um flokkun gjalda eftir tilteknum efnissviðum, að fengnu álitni reikningsskilaráðs ríkisins, sbr. 16. gr.

# Heimild til að setja reglugerð

## 67. gr.

- 7. flutning fjárheimilda milli ára, sbr. 30. gr.,
  - 2. mgr. 30. gr. LOF:
  - Hafi fjárheimild ekki verið nýtt að fullu í árslok getur hlutaðeigandi ráðherra óskað eftir því við ráðherra að hinni ónýttu fjárheimild verði ráðstafað á næsta ári í heild eða að hluta, enda verði henni ráðstafað til þess að mæta útgjöldum sem hafa frestast eða fyrir liggi skýr hagkvæmnisrök.
  - Heimilt að færa fjárheimild milli málaflokka þó ekki milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga

# Heimild til að setja reglugerð

- 8. nánari **skyldur og ábyrgð forstöðumanna** við framkvæmd fjárlaga, sbr. 35. og 36. gr.,
- 9. reglur og frekari **takmarkanir á leyfilegri sjóðsstöðu** og um sjóðsstýringu, sbr. 37. gr.,
- 11. **ráðstöfun eigna** ríkisins og um **kaup og leigu á fasteignum**, sbr. 45. gr.,
- Ráðherra setur, að fengnum tillögum Fjársýslu ríkisins, **reglugerð um bókhald og launaafgreiðslu einstakra ríkisaðila í A-hluta**, sbr. 64. gr. Þar skal m.a. koma fram hvaða hlutlægu skilyrði ríkisaðilar þurfi að uppfylla til að þeir geti sjálfir annast færslu bókhalds og launaafgreiðslu, svo sem um starfsmannafjölda eða fjárhagslegt umfang starfsemi.



# Gildistaka



- 68. gr. Gildistaka.
- Lög þessi öðlast gildi **1. janúar 2016**.
- Ákvæði til bráðabirgða.
- I. Þrátt fyrir ákvæði 68. gr. skulu frumvörp til fjáráukalaga og lokafjárlaga til og með árinu 2016 fylgja ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Sama gildir um ársreikninga ríkisaðila til og með árinu 2016.
- Þrátt fyrir ákvæði 68. gr. **gilda ákvæði laga** um fjárreiður ríkisins, **nr. 88/1997, um uppgjör ríkisreiknings** til og með árinu 2016. Við mat á áhrifum launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga skal beitt sömu aðferðum og í ríkisreikningi fyrri ára. Með sama hætti skal áfallið orlof ekki reikningsfært hjá einstökum stofnunum eða ríkissjóði í heild.

# Helstu breytingar



	Skv. LOF	Eins og var ...
Varanlegir rekstrarfjármunir	Eignfært við kaup og afskrifað	Gjaldfært við kaup
Óefnislegar eignir	Eignfært við kaup og niðurfært	Gjaldfært við kaup
Birgðir	Eignfært og gjaldfært við notkun	Ýmist eignfært eða gjaldfært við kaup
Skuldbindingar og varúðarfærslur	Parf að reikna og færa í efnahag og til gjalda/eigna eftir atvikum eða geta um í skýringum ef slík óvissa er að ekki verði reiknað	Hefur ekki verð fært, að einhverju leyti upplýst í skýringum
Leigusamningar	Eign- og skuldfært að uppfylltum skilyrðum	Upplýst í skýringum
Orlof	Gjaldfært og skuldfært í lok tímabils	Ekki fært – upplýst í skýringum hjá sumum stofnunum
Tekjur	Færast um leið og réttur til þeirra myndast	Almennt færðar þegar til hefur stofnast en ýmis frávik til
Gjöld	Færast þannig að dreift á tímabil eftir notkun	Almennt fært á tímabil notkunar en til tilvik að fært við greiðslu

# Hvað eru „alþjóðlegir staðlar“

- IPSAS (International Public Sector Accounting Standards)
  - Sett af IPSASBoard (alþjóða reikningsskilaráðið fyrir opinbera aðila)
  - Skýrar alþjóðlegar reglur – um nánast alla þætti reikningsskila  
Rekstrargrunnur
    - Tekjufæra allar tekjur sem krafa hefur myndast um á viðkomandi tímabili
    - Gjaldfæra allan kostnað við starfsemi á því tímabili þegar notaður
    - Tilgreina allar eignir og skuldir í lok reikningsskilatímabils eins og þær standa þá
  - Skilgreining til á öllum liðum reikningsskila
    - Tekjur: það sem eykur nettó eign á árinu
    - Gjöld: það sem minnkar nettó eign á árinu
    - Eign: Aðföng/ gæði undir stjórn einingar á grundvelli liðinna atburða sem munu veita einingunni til framtíðar efnahagslegan ávinning eða getu til að veita þjónustu
    - Skuld: skylda sem byggir á liðnum atburði til að láta af hendi efnahagsleg verðmæti, hvort heldur í formi aðfanga/gæða eða þjónustu

# Helstu frávik milli IPSAS og ársreikningslaga



	IPSAS	Ársreikningalög – IFRS
Forsenda regluverks	Þjónustuhlutverk opinberra aðila	Hagnaðarforsendur - breyting eiginfjár
Varanlegir rekstrarfjármunir	<ul style="list-style-type: none"><li>- Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna ekki sjaldnar en á 5 ára fresti</li><li>- Ákvæði um arfleifðareignir</li><li>- Þjónustuhlutverk má vera viðmið við endurheimtanleika verðmætis eigna</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Árlegt endurmat allra eignaflokka sem hafa verið endurmetnir</li><li>- Virðismat á grundvelli endurheimtanlegs verðmætis skv. sjóðstreymi</li></ul>
Óefnislegar eignir	Sambærilegt en má horfa til þjónustuhlutverks varðandi endurheimtanlegt verðmæti	Virðismat á grundvelli endurheimtanlegs verðmætis skv. sjóðstreymi
Birgðir	Má miða við þjónustuhlutverk	Kostnaðarverð eða dagverð, það sem er lægra
Leigusamningar	Eignfærðir sem varanlegir rekstrarfjármunir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum	Eignfærast séu þeir til lengri tíma en 12 mánaða, ýmist sem aðstaða eða varanlegir rekstrarfjármunir

# Helstu frávik milli IPSAS og ársreikningslaga



	IPSAS	Ársreikningalög – IFRS
Tekjur	Sérstakur staðall um skatttekjur (non-exchange transactions) <ul style="list-style-type: none"><li>- Gjafir á að tekjufæra og eignfæra og meðhöndla eins og aðrar eignir</li><li>- Gert ráð fyrir ríkisframlögum sem tekjur jafnvel þó takmarkanir séu á ráðstöfun</li></ul>	-Ekkert ákvæði til um „non-exchange“ tekjur (skattar – framlög) <ul style="list-style-type: none"><li>- Gjafir má ekki tekjufæra (nema séu í peningum)</li><li>- Séu takmarkanir á heimild til ráðstöfunar þá kann að þurfa að færa tekjur sem fyrirframgreiðslur</li></ul>
Samanburðartölur við áætlun	Sérstakur staðall um þetta þ.m.t. skilgreiningar á hugtökum og öðru sem við á	Ekkert um þetta í ársreikningalögum (en ákvæði eru í LOF)
Samstæðugerð	Skilgreining á hvað fellur undir er meira byggt á eignarhlut	Byggir á að stjórnun sé til staðar auk eignarhalds


# Framundan

- Innleiðing á grundvelli laganna
- Reikningskilaaðferðir – þarf að velja ef val
- Opening balance 1/1 2016
  - Eignir
    - Hvaða eignir á að taka með
    - Hvernig á að meta þær
  - Skuldir
    - Hvaða skuldir eru til staðar
    - Hvernig á að meta þær

# Verkefni framundan

- Innleiðing IPSAS (International public sector accounting standards)
  - Skýrari reglur
  - Rekstrargrunnur
    - Allt tilheyrandi reikningsskilatímabili með og ekkert annað
- Breyting á áætlanagerð
  - Málaflokkar – málefnasvið
- Draga fram skýrari ábyrgð
  - Ráðuneyti ber ábyrgð á stofnunum
- Samstæða (að öllum líkindum) fyrir hvert ráðuneyti sem samantekið myndar samstæðu ríkisins

# Aðferð við áætlanagerð





Innra eftirlit



# Innra eftirlit

## *Meginþættir markmiða*

### **Starfsemi**

Árangur og skilvirkni við notkun  
verðmæta og aðfanga fyrirtækisins  
(resources)

### **Fjárhagsupplýsingar**

Lýtur að miðlun áreiðanlegra  
fjárhagsupplýsinga

### **Hlíting**

Lýtur að því að fyrirtæki fari að  
lögum og reglum sem um  
starfsemina gilda



# Innra eftirlit



**Innra eftirlit er greint í fimm meginþætti sem eru innbyrðis tengdir og endurspegla stjórnun fyrirtækisins:**

**Eftirlitsumhverfi** – Umhverfi innra eftirlits er það stjórnskipulag sem umlykur það ásamt viðhorfi stjórnenda til eftirlitsþátta og mikilvægis þeirra.

**Áhættumat** – er greining á því sem getur ógnað settum markmiðum fyrirtækisins og liggur til grundvallar ákvörðun um hvernig fyrirtækið skuli bregðast við.

**Eftirlitsaðgerðir** – Aðgerðir sem fela í sér eftirlit eru hluti af verklagsreglum og verkferlum og er ætlað að bregðast við þeirri áhættu sem ógnar því að fyrirtækið nái settum markmiðum.

**Upplýsingar og samskipti** – Upplýsingaflæði er lykilþáttur í starfsemi hvers fyrirtækis þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar á grundvelli upplýsinga.

**Stjórnendaeftirlit** – Innra eftirlit þarfnast vöktunar til þess að tryggja virkni þess og að það styðji sett markmiðum á hverjum tíma.

# Mikilvægir liðir innra eftirlits

1. Aðgangsstýringar/-takmarkanir
2. Samþykktarferlar
3. Heimildir
4. Verkaskipting
5. Varðveisla eigna

Það er forstöðumaður sem veitir heimild til samþykktar og hann einn breytir henni

# Eftirlit með innkaupum

- Heimildir
  - hver má stofna til viðskipta
  - Við samþykkt reiknings
    - Stofnað til innan heimildar
    - Varðar starfsemi
    - Móttekið
    - Hvar og hvernig bókað (á tímabil, viðfang ofl aðgreinig)
  - Gangi allt upp þá er reikningur samþykktur til greiðslu

# Viðskiptaskilmálar ríkisins



Reykjavík 01.11.2014

## Almenn viðskiptakjör ríkisins við kaup á vörum eða þjónustu

### 1 Gildissvið

Eftirfarandi kjör skulu gilda við kaup ríkisstofnana á vöru og þjónustu, í þeim tilvikum sem engir samningar eða samkomulag gilda um viðskiptin. Aðili sem afhendir vöru eða þjónustu samkvæmt pöntun eða beiðni frá ríkisstofnun telst hafa undirgengist kjörin.

### 2 Verð

Nema um annað sé samið eða það tilgreint sérstaklega, skal uppgæfið verð seljanda innifela allan kostnað sem fellur til. Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld. Ef birgir telur sig eiga kröfu um greiðslu umfram verð vöru eða veitta þjónustu skal hann senda annan reikning sem vísar í fyrri reikning, með skýringum og tilvísun í viðeigandi sammingsákvæði.

### 3 Reikningar

Frá og með 1. janúar 2015 skulu reikningar til ríkisstofnana vera með rafrænum hætti, nema um annað sé samið. Allir reikningar vegna kaupa á vöru eða þjónustu skulu vera gefnir út samkvæmt tækniforskrift Staðlaráðs, tækniforskrift TS-136 og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditreikninga (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Bent er að á eldri tækniforskriftir NES eru fallnar úr gildi. Einnig:

- Ekki skal senda reikning á pappír samhliða rafrænum reikningi
- Ekki er tekið við reikningum á PDF formi

Til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í tækniforskrift TS-136 skulu **upplýsingar um uppruna viðskipta** ávallt koma fram á reikningi. Því skal a.m.k. eitt eftirfarandi atriða vera til staðar á reikningi.

- Númer pöntunar eða beiðni (ef uppgæfið af kaupanda)
- Verknúmer og verkliður (ef uppgæfið af kaupanda)
- Númer sammings (sem verð og önnur kjör eru byggð á)
- Nafn þess sem pantar og/eða deild (ef ekkert ofangreint er til staðar)

# Auglýsing frá 31. október 2014



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## **Rafrænir reikningar frá 1. janúar 2015**

Frá og með 1. janúar 2015 skulu allir reikningar til ríkisstofnana vegna kaupa ríkisins á vöru og þjónustu vera með rafrænum hætti. Ákvörðunin um að taka upp rafræna reikninga frá og með 2015 var kynnt í febrúar sl. Hún er í samræmi við gildandi samninga við birgja um fyrirkomulag reikninga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Ríkiskaup hafa einnig gefið út yfirlýsingu um viðskiptakjör ríkisins sem skulu gilda við kaup ríkisstofnana á vöru og þjónustu, í tilvikum þar sem engir samningar eða samkomulag gilda um viðskiptin. Þar er meðal annars kveðið á um rafræna reikninga.

Allar nánari upplýsingar eru á vef Fjársýslu ríkisins, en einnig er hægt að hafa samband við stofnunina sé upplýsinga óskað.

**Vefsíða:** <http://www.fjs.is/>

**Póstfang:** [postur@fjs.is](mailto:postur@fjs.is)

**Sími:** 545-7500



*Fine*